

Hafnarfjarðarkaupstaður
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður



Minjastofnun Íslands

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
www.fornleifavernd.is / www.husafriidun.is

Reykjavík 9. janúar 2013

Fvr 2013010005 IAS

Til skipulags- og byggingafulltrúa

Frá og með 1. janúar 2013 tóku gildi ný lög um menningarminjarnr. 80/2012. Þá féllu úr gildi þjóðminjalög nr. 107/2001 og lög um húsafriðun nr. 104/2001. Með gildistöku þessara laga voru Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd ríkisins lagðar niður og ný stofnun, Minjastofnun Íslands tók til starfa. Minjastofnun Íslands tekur við öllum verkefnum Fornleifaverndar og Húsafriðunarnefndar ríkisins.

Ýmsar breytingar er varða stjórnslu fornleifa og húsverndar tóku einnig gildi um áramótin og verður kynningarbréf sent öllum skipulags- og byggingafulltrúum innan tíðar. Sem dæmi má nefna að nú eru öll mannvirki (hús og fornleifar) 100 ára og eldri friðuð og skylt að leita umsagnar Minjastofnunar varðandi framkvæmdir á og við þau. Einnig skal leita álits Minjastofnunar varðandi öll hús byggð árið 1925 eða fyrr og kirkjur byggðar 1940 eða fyrr. Við væntum þess að eiga gott samstarf við ykkur á komandi árum um ný og spennandi verkefni.

Virðingarfyllt

F. h forstöðumanns

Agnes Stefánsdóttir, deildarstjóri

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	16.1.2013
Málsnr:	1301467
Bréfal:	266